

um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum.

Flm.: Geir Gunnarsson, Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason,  
Jón Árm. Héðinsson, Gils Guðmundsson, Ólafur G. Einarsson,  
Stefán Gunnlaugsson, Ingvar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta leggja fyrir Alþingi það, er nú situr, frumvarp til laga um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík.

#### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Tillögunni fylgdi svofelld greinargerð:

„Samkvæmt núgildandi mörkum lögsagnarumdæma í Reykjaneskjördæmi skiptist svæðið sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar milli þriggja embætti. Keflavíkurkaupstaður varð sérstakt lögsagnarumdæmi árið 1949 og Keflavíkurflugvöllur árið 1954, en að öðru leyti er um að ræða hluta af lögsagnarumdæmi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Þessi skipting Suðurnesja milli þriggja lögsagnarumdæma getur hvorki talizt hagkvæm að því er varðar þjónustu við íbúa þar né rekstrarkostnað embættanna. Íbúar í Miðnes- og Gerðahreppi verða t. d. að fara um Keflavík, þar sem bæjarfógeti þó situr, og allt til Hafnarfjarðar, þurfi þeir að láta þinglýsa skjali, skrá bifreið eða annast önnur þau erindi, sem embætti sýslumanns varðar. Við svipað óhagræði búa íbúar annarra hreppfélaga á Suðurnesjum, og væri ólíkt fyrirhafnarminna fyrir þá að fara til Keflavíkur í slíkum erindum.

Enda þótt nokkur fyrirgreiðsla í þessum efnum sé af hendi látin í sveitarfélögunum sjálfum, svo sem að dómsþing er stundum háð þar og bætur almannatrygginga greiddar þar tiltekna daga, þá jafnast sú þjónusta á nokkrum málaflokkum engan veginn á við það, að íbúarnir ættu þess kost að annast í Keflavík öll þau mál sín, sem nú varða embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Augljóst er, að það stefndi til bættrar þjónustu við íbúa Suðurnesja, að allt svæðið sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar væri eitt og sama lögsagnarumdæmið og heyrdi til embætti í Keflavík, þar sem nú þegar er bæjarfógeti.

Hjá embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli starfa 33 lögregluþjórnar, þeir annast einnig löggæzlu í Njarðvíkurhreppi samkvæmt sérstökum samningi. Hjá bæjarfógetanum í Keflavík starfa 11 lögregluþjórnar, og 2 lögregluþjórnar frá embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu annast sérstaklega löggæzlu í öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum, og ætlunin mun vera að bæta öðrum 2 við á næstunni.

Naumast er efi á því, að fjárhagslega og skipulagslega væri hagkvæmara, að öll löggæzla á Suðurnesjum, þar með töldum Keflavíkurflugvelli, lyti einni stjórn, enda hefur undirnefnd fjárveitinganefndar bent á þá leið til sparnaðar og hagkvæmni í bréfi til fjármálaráðherra.

Ærin rök virðast því hníga til þess, að til bóta væri að breyta skipan lögsagnarumdæma á þann veg, að dóms- og lögreglumál á Suðurnesjum sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri til einu embætti í Keflavík, í stað þess að viðhalda þeirri þri-skíptingu, sem nú er í gildi og er íbúum þessa svæðis til óhagræðis og veldur ríkissjóði ýmsum óþörfum kostnaði.“

Meðal íbúa á Suðurnesjum er verulegur hljómgrunnur fyrir því, að upp verði tekin sú skipan, sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni, og stjórn samtaka sveitarfélaga þar hefur lýst sig hlynnta því, að þessu máli verði hreyft að nýju á Alþingi.

Hér eru ekki mótaðar í einstökum atriðum tillögur um, hvernig lagasetningu skuli hagað til þess að ná því markmiði, sem að er stefnt, þótt hugmyndir séu uppi m. a. um, að bæjarfógetinn í Keflavík yrði jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu, samtímis því að Garða- og Bessastaðahreppur yrðu látnir tilheyra Kjósarsýslu. Horfið hefur verið að því ráði að flytja málið fremur í óbreyttri mynd, og lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að láta kanna, á hvern veg þurfi að breyta lögum, til þess að hin hagfelldasta skipan fáiast, og leggja fram frumvarp í samræmi við það á því þingi, sem nú situr.